

Fundur í fagraði nautgriparæktar 14. október 2019

Fundargerð

Fundurinn var símafundur, haldinn 14. október 2019 og hófst kl. 09.30.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Gunnar Kr. Eiríksson, Andri Már Sigurðsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Hafþór Finnbogason, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Niðurstöður kynbótamats í október 2019
3. Umsóknir í þróunarsjóð
 - a. Áhrif umhverfis á útskilnað niturs í kúamjólk
 - b. Sæðingar á holdakúm – annar hluti
 - c. Þróun á norrænu fóðurmatskerfi
 - d. Eldsneytis- og raforkuþörf á kúabúum
 - e. Flatgryfjur, hönnun og vinnulag
 - f. Kennslumyndband um plægingar
4. Önnur mál
 - a. Minnisblað varðandi pöntun og skráningu sæðinga frá Andra Má Sigurðssyni
 - b. Aðkoma fagraðs að uppbyggingu rannsóknaaðstöðu í Hvanneyrarfjósinu

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagraðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar. Fundargerð síðasta fundar, dags. 6. ágúst 2019, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Niðurstöður kynbótamats í október 2019.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats sem keyrt var núna um mánaðamótin sept./okt. Að þessu sinni var matið keyrt með nýrri kynbótaeinkunn sem breytt var í kjölfar niðurstöðu verkefnisins um hagrænt vægi eiginleika.

Guðmundur fór yfir stöðu reyndu nautanna sem allmörg styrkja sína stöðu en nokkur þeirra lækka einnig. Af nautum fæddum 2014 standa ekki mörg það vel að vígi að hægt sé að setja þau í notkun.

Ákveðið að taka Stólpa 11011, Skalla 11023, Kakala 13009, Víking 13017, Lurk 13084 og Brján 14002 úr notkun sem reynd naut. Hnykkur 14029 komi nýr inn sem reynt naut.

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verði; Pipar 12007, Jörfi 13011, Hálfmáni 13022, Kláus 14031 og Ýmir 13051 sem takmarkist við þörun á móti verðefnaháum nautsmæðrum.

Guðmundi falið að ganga frá lista yfir þau naut úr 2014 árgangi sem henda má sæði úr með hliðsjón af einkunn þeirra og fjölda dætra með upplýsingar.

3. Umsóknir í þróunarsjóð.

a. Áhrif umhverfis á útskilnað niturs í kúamjólk

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjórar eru Þóroddur Sveinsson og Jóhannes Sveinbjörnsson.

Umsóknin er framhaldsumsókn á verkefni sem hlotið hefur styrk. Það felst í rannsóknum á úrefni í mjólk íslenskra kúa þannig að hægt verði að öðlast þekkingu á tengslum úrefnisstyrks við ýmsa umhverfispætti hér á landi. Þá þekkingu er hægt að nýta til að bæta frjósemi, langlífi eða efnahlutföll í mjólk með stjórnun prótein- og orkugjafar kúa. Leitast verður við að svara því hver tengsl úrefnisstyrks eru við ýmsa umhverfispætti og hve mikill eðlislægur munur á milli kúa innan búa skýrir breytileika í úrefnisstyrk mjólkur. Þá verður lagt heildarmat á hagnýt gildi úrefnismælinga fyrir bændur.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 1.225.000.

b. Sæðingar á holdakúm – annar hluti

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir.

Markmið verkefnisins er að prófa þær vísbendingar sem komu fram í sæðingaverkefni í Árbót um að mögulega gæti notkun á egglosandi hormóni verið til bóta við sæðingar eftir samstillingar. Einnig munu gögn úr verkefninu styrkja gagnsafn úr áður nefndu verkefni í Árbót hvað varðar aðstöðu til sæðinga og áhrif streitu við meðhöndlun á árangur.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 1.187.255.

Gunnar Kr. Eiríksson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

c. Þróun á norrænu fóðurmatskerfi

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Borgar Páll Bragason. Fóðurmatskerfið er þróað í samræmi við þær kröfur sem norrænn landbúnaður gerir.

Tenging íslenskrar ráðgjafarþjónustu við það besta sem gerist erlendis, í umhverfi sem við gætum borið okkur við er mikilvægt fyrir þróun búgreinarinnar. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ber árlega töluverðan kostnað af þróun og rekstri á norræna fóðurmatskerfinu, NorFor.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 2.050.000.

Gunnar Kr. Eiríksson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

d. Eldsneytis- og raforkuþörf á kúabúum

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Runólfur Sigursveinsson.

Markmið er að fá betri grunn til að byggja á varðandi notkun á jarðefnaeldsneyti við framleiðsluferla á kúabúum auk raforkunotkunar. Ávinningur af þessu verkefni væri m.a. að fá rauntölur á eldsneytis- og raforkukostnaði sérhæfðra kúabúa, á hverja árskú, á hverja einingu lands, orkunotkun á hvern innlagðan lítra mjólkur. Sá breytileiki sem kæmi fram í niðurstöðum milli búa gefur síðan grunn að skoða málin betur á hverju búi fyrir sig – og þar með að skapa grunn að betri nýtingu á þessum aðföngum. Mögulegur ávinningur væri einnig að skoða niðurstöðurnar í samhengi við reiknaðar tölur í gildandi verðlagsgrundvelli kúabúa.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mikilvægt og hafnar ekki umsókn en fer fram á að hún verði endurbætt með ítarlegri verkáætlun.

Gunnar Kr. Eiríksson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

e. Flatgryfjur, hönnun og vinnulag

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Sigtryggur Veigar Herbertsson.

Ávinningur verkefnisins er að vinna úr reynslu bænda varðandi stærðir á flatgryfjum, hæð og breidd ásamt áfyllingu og losun úr þeim. Gögn er varða stærð flatgryfja mun nýtast við frekari ráðgjöf á byggingu flatgryfja, gögn sem koma varðandi þjöppun og gerjunaraðferðir nýtast við fódurráðgjöf. Gögn sem koma varðandi þjöppun og þurrefni nýtast búfjárefirliti varðandi mat á heyforða í flatgryfjum.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 1.500.000.

Gunnar Kr. Eiríksson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

f. Kennslumyndband um plægingar

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Linda Margrét Gunnarsdóttir.

Markmið verkefnisins er að koma kennsluefni á aðgengilegra form sem og að virkja bændur í að sækja sér þekkingu. Markmiðið er einnig að nútímavæða kennsluefni frá Landbúnaðarháskólanum og koma því til fleiri bænda en yngstu kynslóðar í skólanum. Myndbandið hefur einnig það markmið að kenna bændum rétta plægingu og minnka þannig olíueyðslu við jarðvinnslu. Einnig að lengja líftíma jarðvinnslutækja eins og plóga með rétttri meðhöndlun og frágang að lokinni notkun.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og þarft og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 947.400 að því gefnu að myndbandið verði bændum aðgengilegt þeim að kostnaðarlausu. Jafnframt er sá fyrirvari gerður að þróunarsjóður sauðfjárræktarinnar veiti verkefninu styrk samhliða eins og gert er ráð fyrir í umsókn.

Gunnar Kr. Eiríksson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

Gunnar Kr. Eiríksson yfirgaf fundinn vegna annars fundar undir lið 3.

4. Önnur mál.

a. Minnisblað varðandi pöntun og skráningu sæðinga frá Andra Má Sigurðssyni

Andri fylgdi minnisblaðinu úr hlaði og rakti þá miklu villuhættu sem er við sæðingar og skráningar á þeim. Breytingar á skráningum og strikamerking stráa gæti hjálpað og minnkað villuhættuna til muna.

Formaður lagði til að málinu yrði framhaldið með því að skipa nefnd um málið sem í sætu Andri Már Sigurðsson, Guðmundur Jóhannesson og Sveinbjörn Eyjólfsson. Guðmundur leiði hópinn.

b. Aðkoma fagráðs að uppbyggingu rannsóknnaðstöðu í Hvanneyrarfjósínu

Fagráði hefur borist erindi um aðkomu að uppbyggingu rannsóknnaðstöðu í

Hvanneyrarfjósinu með þátttöku í áhugahópi þar að lútandi. Ákveðið að taka þessu erindi fagnandi og skipa áheyrnarfulltrúa í hópinn. Þórarinn verði fulltrúi fagraðs í hópnum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson
(sign.)

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
(sign.)

Hafþór Finnbogason
(sign.)

Jóhanna María Sigmundsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 6. ágúst 2019
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í október 2019
3. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar
4. Minnisblað varðandi pöntun og skráningu sæðinga frá Andra Má Sigurðssyni
5. Fundargerð fundar um rannsóknáðstöðu í Hvanneyrarfjósi, dags. 2. okt. 2019